

**Nd.**

**391. Nefndarálit**

[125. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Haldnir hafa verið 10 fundir um málið, með landbúnaðarnefndum beggja deilda sameiginlega.

Frumvarpið var sent til umsagnar til stjórnar Búnaðarfélags Íslands og til allra búnaðarsambanda í landinu. Gunnar Guðbjartsson, formaður Stéttarsambands bænda, mætti á tveimur fundum nefndanna og Hákon Sigurgrímsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, sat á öllum fundum nefndanna nema einum. Eðvarð Sigurðsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

## BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin, sem verður 1. gr., orðist svo:

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú verður búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fást erlendir markaðir, sem viðunandi teljast að mati Framleiðsluráðs og landbúnaðarráðuneytisins, fyrir það sem umfram er, og eru þá Framleiðsluráði með samþykki landbúnaðarráðherra heimilar eftirfarandi tímabundnar ráðstafanir:

- a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Einnig er heimilt að ákveða framleiðendum sérstakar verðbætur ef þeir draga úr framleiðslu sinni.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem Framleiðsluráð ákveður hverju sinni vegna framkvæmda á ákvæðum þessa staflidar, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs. Framleiðsluráð ákveður gjalddaga vegna þessarar heimildar.

- b) Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Framleiðendur búvöru á lögbylum og aðrir, sem hafa meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu, skulu fá tiltekið magn kjarnfóðurs gjaldfrítt miðað við framtalið magn afurða á skattframtali, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Skattstjórar skulu fyrir 1. apríl ár hvert gefa Framleiðsluráði upp framtalið afurðamagn á hverju lögbyli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Ákvörðun um upphæð gjaldsins skal tekin á fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og er háð samþykki landbúnaðarráðherra.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

- c) Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann samkv. a- og b-lið þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, svo og til að jafna halla er verða kann á útflutningi milli söluaðila. Þá er heimilt, að fengnu samþykki fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, að ráðstafa hluta af þessu fjármagninu til að jafna búskaparaðstöðu bænda, svo sem með því að jafna flutningskostnað á framleiðslu grænifóðurverksmiðja og öðrum fóðurbæti. Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd þriggja manna til úrskurðar. Nefndina skipa fulltrúar Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd heimilda er felast í þessari grein, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda.

3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Aftan við frv. komi ný grein, sem verður 2. gr. og orðast svo:  
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi, 26. febr. 1979.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Finnur Torfi Stefánsson, fundaskr.	Lúðvík Jósepsson, með fyrirvara.
Pálmi Jónsson, með fyrirvara.	Þórarinn Sigurjónsson.	